

## ÞAÐSEM BER HÆST:

- Verkefni SAENS í Evrópunetinu um stefnumótun í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (ELGPN)
- Útgáfa norrænnar rannsóknarskýrslu um þátttöku fullorðinna notenda í náms- og starfsráðgjöf
- Fundir og vettvangs-heimsóknir ELGPN
- Notkun upplýsinga-tækni í náms- og starfsráðgjöf í Damörku

## Verkefni SAENS í ELGPN

Fréttabréfið er að þessu sinni að mestu tileinkað samstarfi SAENS og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins innan Evrópska samstarfsnetsins um stefnu í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (ELGPN). Samstarfsnetið stuðlar að samvinnu stjórnvalda Evrópuríkja í stefnumótun og þróun í ævilangri náms- og starfsráðgjöf. Reynt er að koma auga á gloppur í stefnu og framkvæmd landanna á sviði náms- og starfsráðgjafar sem kalla t.d. á verkefni tengd jafningjafræðsluhópum, rannsóknum og öðrum samvinnuverkefnum).

Ísland leiðir um þessar mundir vinnupakka í ELGPN-samstarfinu ásamt Frakklandi sem snýr að aðgengi að ævilangri náms- og starfsráðgjöf. Þar er áhersla lögð á að jafna og auka aðgengi almennings að náms- og starfsráðgjöf alla ævi. Þetta forystustarf felur í sér einstakt tækifæri til



[www.ktl.jyu.fi/ktl/elgpn](http://www.ktl.jyu.fi/ktl/elgpn)


að afla upplýsinga frá samstarfslöndunum, t.d. um aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og notkun upplýsinga- og samskiptatækni í náms- og starfsráðgjöf.

Starfsfólk SAENS og mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur undan-gengna mánuði sótt fundi og farið í vettvangsheimsóknir ELGPN og er gerð frekari grein fyrir þeim hér á síðum fréttabréfsins.


## Þátttaka og ávinningur notenda

### Niðurstöður norrænnar rannsóknar í náms- og starfsráðgjöf fullorðinna

Niðurstöður norrænnar rannsóknar í náms- og starfsráðgjöf meðal fullorðinna hafa verið birtar í skýrslu sem ber heitið *Voice of users: Promoting quality of guidance for adults in the Nordic countries*. Hugmyndin um að virkja notendur almannaþjónustu í uppbyggingu og skipan hennar hefur fengið aukinn hljómgrunn hin síðustu ár, þ.m.t. í náms- og starfsráðgjöf. Að baki liggur sú lýðræðislega sýn að notendur eigi rétt á að láta í ljós skoðanir og móta þá þjónustu sem þeir nýta sér. Litið er svo á virk þátttaka notenda auki gæði þjónustunnar. Markmiðið með rannsókn-inni er m.a. að kanna að hvaða marki notendurnir eru virkir þátttakendur í þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir fullorðna á Norðurlöndum. Í rannsókninni er einnig leitað svara við því hvaða áhrif ráðgjöfin hefur á þá sem notfæra sér hana. Rannsóknin byggir á niðurstöðum úr rýnihópum meðal notenda, ráðgjafa og stjórnenda á sviði fullorðinsfræðslu og netkönnun meðal 1578 notenda á Norðurlöndum.



Sjá nánar um niðurstöður á næstu síðu.



## Meira um Voice of users Framhald af forsiðu

Rannsóknin hafði tvíþættan tilgang, þ.e. (1) að skoða hvaða áhrif fullöðnir notendur náms- og starfsráðgjafar hafa á skipulag og stefnumótun þjónustunnar og (2) hvaða áhrif ráðgjöfin hefur á þá sem notfæra sér hana, þ.e. hver er ávinningur hennar fyrir notendurna. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að sjaldan er leitað til þeirra með skipulegum hætti um mat á þjónustunni og þeir fá nær aldrei tækifæri til að hafa áhrif á skipulag eða

stefnumótun náms- og starfsráðgjafar. Notendur segjast aftur á móti vera reiðubúnir að taka þátt í skipulagi og stefnumótun. Í þeim þætti rannsóknarinnar sem lýtur að árangri hennar kemur í ljós að notendur eru mjög ánægðir með þjónustuna og að hún lýtur meira að persónulegri og námslegri ráðgjöf en ráðgjöf vegna atvinnuleitar. Finnar skera sig úr í því að nota mikið rafræna ráðgjöf og Íslendingar nota hana lítið.

Einstaklingsráðgjöf er langalgengasta aðferðin sem notuð er.

Rannsóknin var fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni. Rannsóknarskýrsluna *Voice of users: Promoting quality of guidance for adults in the Nordic countries* er að finna á <http://www.nordvux.net/page/1143/vagledning.htm> Einnig er hægt að nálgast skýrsluna í prentuðu formi á sérfræðisetrinu.

## Náms- og starfsráðgjöf í Danmörku

Fulltrúar Evrópuþjóða sem eiga aðild að vinnupakka 2 í ELGPN fóru í vettvangsheimsókn til Kaupmannahafnar dagana 10. og 11. október sl. Vettvangsheimsóknin var skipulögð af vinnupakka 2 sem hefur það að markmiði að efla aðgengi að nám- og starfsráðgjöf alla ævi, með áherslu á ungt fólk og brotthvarf frá námi, náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna (í vinnu, atvinnulausa og þá sem standa á tímamótum) og það að virkja fólk á efri árum (*active aging*). Í þessu samhengi er lögð sérstök áhersla á upplýsingatækni í náms- og starfsráðgjöf. Í heimsókninni hlýddu þátttakendur á erindi og kynningar m.a. um stefnu danskra stjórnvalda í náms- og starfsráðgjöf, stofnanir/miðstöðvar sem veita náms- og starfsráðgjöf í Danmörku og gagnagrunna og upplýsingatækni í náms- og starfsráðgjöf. Fram kom að stefna danskra stjórnvalda í náms- og starfsráðgjöf er að skapa auðvelt aðgengi að góðri þjónustu náms- og starfsráðgjafar, einkum til handa ungu fólki að 25 ára aldri en einnig fyrir fullorðna sem vilja fara í háskólanám (*higher education*). Í Danmörku eru einkum tvær tegundir miðstöðva sem veita náms- og starfsráðgjöf, þ.e. annars vegar svokölluð *Youth guidance centers* og hins vegar *Regional guidance centers*. Auk þessa veita vinnumiðlanir (*Job centers*) fólk á vinnumarkaði og atvinnuleitendum náms- og starfsráðgjöf.

**Youth guidance center** vinna með skólaskilin milli grunn- og framhaldsskóla (16-19 ára). Í Danmörku er gerð sú krafa að öll ungmenni sem hverfa frá námi og eru ekki á vinnumarkaði setji fram áform sín með formlegum hætti, þ.e. geri svokallað *Personal education plan* í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa og er krafa gerð um að ráðgjafarþjónustan setji sig í samband við ungmennið innan fárra daga eftir að tilkynning berst frá skóla um að viðkomandi sé hættur í skólanum. Ef ungmennið fæst ekki til að gera *Personal education plan* geta yfirvöld tekið barnabætur af foreldrum þess. Þessu úrræði er þó mjög sjaldan beitt.

Í Danmörku eru einnig starfandi 7 **Regional guidance center** með alls 93 náms- og starfsráðgjafa. Þessar miðstöðvar undirbúa nemendur á framhaldsskólastigi undir frækara nám. Í vettvangsheimsókninni komu fulltrúar frá tveimur þessara miðstöðva, Studievalg Kaupmannahöfn og Studievalg Suður-Sjáland og kynntu starfsemi sína. Í máli þeirra kom fram að ráðgjafar þeirra fara í alla framhaldsskóla á svæðinu og eru með formlegar kynningar og fræðslu um náms- og starfsval fyrir nemendum á flestum stigum námsins, auk þess sem þeir bjóða upp á einstaklingsráðgjöf og ráðgjöf í minni hópum fyrir þá sem þess óska og þá nemendur sem eru líklegir til að hætta í námi (brottfall).



Evrópskt samstarfsnet um stefnu í ævilangri náms- og starfsráðgjöf

## Midlæg upplýsingatækni í Danmörku - lykilverkfæri notenda, ráðgjafa og stefnumótenda

Í Danmörku er upplýsingum um náms- og starfsferil ungs fólks safnað í gagnagrunn sem er kallaður *Youth database*, en hann geymir upplýsingar um náms- og starfsferil fólks yngri en 30 ára. Þessi grunnur er bæði nýttur af stefnumótendum og ráðuneyti, sem og náms- og starfsráðgjöfum sem sinna þjónustu við ungt fólk. Náms- og starfsráðgjafar geta þannig fengið upplýsingar um náms- og starfsferil notenda sinna og útbúið með auðveldum hætti náms- og starfsferilsskrá fyrir notandann sem síðan er nýtt í ráðgjöfinni.

Auk þessa gegnir danski upplýsingavefurinn um náms- og störf, *The national guidance portal* ([www.ug.dk](http://www.ug.dk)) lykilhlutverki í starfsemi náms- og starfsráðgjafar í Danmörku. Vefurinn hefur verið starfræktur síðan 2004 og er eitt helsta verkfæri náms- og starfsráðgjafa.

Þar eru upplýsingar um námsleiðir og störf í Danmörku auk þess sem þar er að finna ýmis verkfæri fyrir einstaklinga til að nota þegar þeir leita sér upplýsinga um nám- og störf. Jafnframt því að beina notendum sínum á síðuna nýttist hún náms- og starfsráðgjöfum sjálfum sem upplýsingagrunnur um námsleiðir og störf í Danmörku. Vefurinn er rekinn af almannafé en fyrirtæki í einkaeigu sér um rekstur og viðhald hans.

Á upplýsingavefnum, *The national guidance portal*, er einnig að finna aðganginn að náms- og starfsráðgjöf á netinu (*e-guidance*) en náms- og starfsráðgjöf á netinu er ný af nálinni í Danmörku. *E-guidance* fór af stað fyrir ári síðan og hefur reynst vel og notendum þessarar ráðgjafar fjölga stöðugt. Hægt er að fá ráðgjöf með tölvupósti, spjalli (*chat*), símtali eða með því að senda sms.



Gagnagrunnur um náms- og starfsferil ungs fólks, upplýsingavefur um nám- og störf ([www.ug.dk](http://www.ug.dk)) og ráðgjöf á netinu gegna mikilvægu hlutverki í náms- og starfsráðgjöf í Danmörku

## Kraftur í uppbyggingu náms- og starfsráðgjafar í Noregi

Dagana 10. og 11. nóvember sl. voru haldnir sameiginlegir fundir í Ósló með fulltrúum vinnupakka 3 innan ELGPN, sérfræðingahópi um árangur í ráðgjöf og tengslahópi um ráðgjöf fyrir fullorðna sem starfa á vegum NVL – Norræna tengslanetsins um fullorðinsfræðslu. Fundirnir voru hluti af vettvangsheimsóknnum ELGPN (*field visit*) þar sem áhersla er lögð á að kynna skipan náms- og starfsráðgjafar í tilteknu landi, í þessu tilfalli Noregi. Vinnupakki 3 ber yfirskriftina *Co-operation and Co-ordination Mechanisms* og var því mikil áhersla lögð á samstarf og samhæfingu í skipulagningu náms- og starfsráðgjafarþjónustu.

Náms- og starfsráðgjöf í Noregi er skipulögð sjálfstætt innan hvers fylkis, en þau eru 19 talsins og sum mjög víðfeðm. Valddreifing til fylkjanna byggir m.a. á því að fylkin eiga skólana. Löggjöfin um skólana, vinnumiðlanir og þ.a.l. náms- og starfsráðgjöf er miðstýrð, enda í höndum stórbingsins. Á ráðstefnunni voru kynningar frá Norland og Telemark, þar sem fyrrnefnda fylkið byggir náms- og starfsráðgjöf á mikilli samvinnu aðila sem sinna þessari þjónustu, en í því síðarnefnda er meiri miðstýring á ráðgjöfinni innan fylkisins. Fagleg forysta í náms- og starfsráðgjöf er

höndum VOX, sem er fullorðinsfræðslustofnun sem heyrir undir mennta- og rannsóknaráðuneytið. Það er mikill kraftur í starfsemi VOX, t.d. tekur Noregur virkan þátt í öllum vinnupökkum ELGPN og leggur sérstaka áherslu á að þróa heildstæða náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við hagsmunaaðila á landsvísi.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir kynnti rannsóknarskýrsluna *Voice of users – promoting quality of guidance for adults in the Nordic Countries*. Skýrslan er unnin af sérfræðingahópi um árangur í ráðgjöf (NVL) og nær til allra Norðurlandanna. Hvert land vinnur nú að því að kynna og vinna úr niðurstöðum. Skýrsluna er að í heild sinni á slóðinni [www.nordvux.net/page/1143/vagledning.htm](http://www.nordvux.net/page/1143/vagledning.htm).

Samstarfshópur um ráðgjöf fyrir fullorðna fundaði einnig í Ósló á sama tíma. Fulltrúar hópsins fyrir Íslands hönd eru Anna Sigurðardóttir og Fjóra María Lárusdóttir. Á fundinum var m.a. fjallað um niðurstöður vinnustofa þar sem unnið var að því að ræða og draga fram fjölmenningslega færni ráðgjafa. Framhald verður á þeirri vinnu á næsta ári og lýkur henni með ráðstefnu sem haldin verður í september 2012 (nánar auglýst síðar).



Náms- og starfsráðgjöf í Noregi er skipulögð sjálfstætt innan hvers fylkis, en þau eru 19 talsins og sum mjög víðfeðm.



## FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf

Félagsvísindastofnun, Gimli

Sæmundargötu 10

101 Reykjavík

Sími: 525-5874

Netfang: andread@hi.is

[www.saens.hi.is](http://www.saens.hi.is)

### Alþjóðlegt málþing í Búdapest um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf

Sjötta alþjóðlega málþingið um stefnumótun verður haldið dagana 5.-7. desember 2011 í Búdapest. Í fyrsta sinn á Ísland þar áherynarfulltrúa og voru drög að stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi samin og send til stjórnenda málþingsins. Þau verða birt á heimasíðunni (sjá <http://eletpalya.munka.hu/web/eletpalya-folyoirat/iccdppl>) ásamt sambærilegum skjölum frá um 20 löndum. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir mun sitja þingið og jafnframt sækja ELGPN fund. Vonandi mun Ísland geta sent fullskipað teymi á næsta stefnumótunarþing, en að því standa OECD löndin.

## Hlustum við á þau?

### Málstofa um fullorðna notendur náms- og starfsráðgjafar

Í tilefni af útgáfu rannsóknarskýrslunnar *Voice of Users – Promoting Quality of Guidance for Adults in the Nordic Countries* bauð Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL) til málstofu undir yfirskriftinni *Hlustum við á þau?* þar sem fjallað var um niðurstöður rannsóknarinnar. Málstofan var haldin í samstarfi við SAENS og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA), 3. nóvember sl. á Hótel Nordica Hilton.

Á málstofunni kynnti Andrea G. Dofradóttir, verkefnastjóri á Félagsvísindastofnun og SÆNS niðurstöður rannsóknarinnar, sem fjallar um gæði í náms- og starfsráðgjöf fullorðinna á Norðurlöndum og þátttöku notenda í skipulagi og uppbyggingu þjónustunnar. Skýrsluna má finna á heimasíðu NVL á: <http://www.nordvux.net/page/1143/vagledning.htm>

Einnig fjallaði Anders Lovén, frá háskólanum í Malmö og fulltrúi Svía í sérfræðinganeti NVL um náms- og starfsráðgjöf, um samstarf ráðþega og ráðgjafa og um niðurstöðurnar út frá sjónarhóli Svía.

Þá héldu Fjóla María Lárusdóttir, sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og María Dóra Björnsdóttir, deildarstjóri Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands, framsögur. Í lok málstofunnar var þátttakendum skipt upp í vinnuhópa þar sem umræður fóru fram um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi í ljósi niðurstaðna rannsóknarinnar.

Upplýsingar og glærur í tengslum við erindi á málstofunni má finna á: <http://www.frae.is/frettir/nr/366/>